



Brunavarnir Austur-Húnavatnssýsla

Fundargerð

Aðalfundur 25. október 2011

Þriðjudaginn 25. október 2011 kom stjórn Brunavarna A-Húnavatnssýslu saman til fundar á bæjarskrifstofum Blönduósbæjar á Blönduósi kl. 14:00. Mæting skv. undirskriftum. Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson formaður setti fundinn og Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri Blönduósbæjar ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Ársreikningar 2010
2. Skýrsla formanns
3. Skýrsla slökkviliðsstjóra
4. Umræður um skýrslur
5. Afgreiðsla reikninga
6. Fjárhagsáætlun 2011
7. Önnur mál

Afgreiðslur:

Dagskráliður 1

Lagður fram ársreikningur ársins 2010. Helstu niðurstöður ársins eru:

Tekjur	krónur	3.441.039
Rekstrargjöld	krónur	28.728.330
Framlög sveitarfélaga	krónur	24.303.803

Niðurstaða ársins, tap krónur (1.033.370)

Eigið fé í árslok krónur (773.485)

Umræður urðu um reikninga. Óskað er eftir að að uppgjör á útköllum fari skv. samþykktum brunavarna.

Dagskrárlíður 2

Lögð fram skýrsla formanns stjórnar um starfssemi félagsins frá síðasta aðalfundi.

Dagskrárlíður 3

Lögð fram starfsskýrsla slökkviliðsstjóra frá síðasta aðalfundi. Frá byrjun júlí til loka ágúst mánaðar eru útköll hjá BAH orðin 19. 10 útköll vegna umferðarslysa, 6, allir nema einn minniháttar en það var bruni í bílskúr á Hvammstanga svo eru þrjár aðrar aðstoðarbeiðnir. BAH hefur haldið 9 æfingar sem af er á árinu 2010. Æfing var haldin við Stóra-Búrfell þar sem BAH fékk að kveikja í gömlum sumarbústað til æfingar. Jafnframt var haldin æfing í

Blönduvirkjun þar sem reykjöfun var æfð. Ljóst er að átak þarf til eldvarnareftirlits. Eldvarnareftirlit er skipt þannig niður að slökkviliðsstjóri skal heimsækja þjónustufyrirtæki a.m.k. einu sinni á ári en sveitabæi í þriðja hvert ár. Haldin var almannavarnaræfing helgina 14-15. október. Í september 2011 var Hilmar Frímansson ráðinn nýr slökkviliðsstjóri í stað Jóhanns Jóhannssonar. Jón Jóhannsson var ráðinn varaslökkviliðsstjóri.

Dagskrárliður 4

Umræður urðu um skýrslu slökkviliðsstjóra og skýrslu stjórnarformanns.

Dagskrárliður 5

Ársreikningur ársins borinn upp. Ársreikningur Brunavarna A-Hún fyrir árið 2010 samþykktur samhljóða.

Dagskrárliður 6

Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2011 lögð fram og breytingar á henni ræddar. Hækkun á endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2011 er kr. 1.796.121. Tekjusamdráttur um 800.000 og aukin útgjöld um 1.mkr. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2011 og breytingar á henni borin upp til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

Dagskrárliður 7

Önnur mál.

Fundarmenn ræddu um kostnaðarskiptingu sveitarfélaga sem standa að Brunavörnum A-Hún. Blönduósbær lýsti yfir óánægju sinni að sveitarfélagið skuli bera aukinn kostnaðarhlut af samstarfinu og óskar eftir að horft verði til kostnaðarskiptingu sem er að finna í öðrum samstarfssamningum um sameiginleg verkefni í A-Hún. Aðilar eru sammála um að ljúka endurskoðun fyrir árslok.

Formaður stjórnar Brunavarna A-Hún. lét af formennsku og þakkaði fyrir sig

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:45

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson, formaður (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign.)

Magnús Sigurðsson (sign.)

Magnús Valur Ómarsson (sign.)

Jens P. Jenssen (sign.)

Anna Margrét Sigurðardóttir (sign.)

Ágúst Þór Bragason (sign.)

Hörður Ríkharðsson (sign.)

Hilmar Frímansson, slökkviliðsstjóri (sign.)